

Laus störf hjá Ístækni

Ístækni óskar eftir fjölbreyttum einstaklingi með starfsreynslu í iðnaðarrafmagni.

Verkefnin eru fjölbreytt og unnið er í teymi við þróun og útfærslu tæknilegra lausna sem snerta hugbúnað, raflagnahönnun (2D, 3D), þjónustu, uppsetningu, kennslu og framleiðslu á töfluskápum. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í spennandi og krefjandi verkefnum og vill nýta sér tækifæri til að þróast innan iðnaðarrafmagnsgeirans.

Menntun og reynsla:

- Rafvirki
- Rafvélavirki
- Rafiðnfræðingur
- Rafmagnstæknifræðingur
- Tölvunarfræðingur
- Eða sambærileg menntun/reynsla

Hæfni:

- Sterk samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi.
- Nákvæmni og athygli í vinnu.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku.
- Jákvætt hugarfar og áhugi á nýjum tækni- og lausnarmöguleikum.

Þekking á kerfum:

- Iðntölvustýringum
- Skjámyndakerfum
- Office 365
- Autodesk

Við bjóðum upp á:

- Fjölbreytt og spennandi verkefni.
- Gott starfsumhverfi í teymi.
- Tækifæri til að þróast í starfi og vinna með nýjustu tækninýjungum.
- Fullt starf eða tímabundnar verkefni eftir samkomulagi.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Ef þú hefur áhuga á þessu spennandi starfi. Sendu okkur fyrirspurn og eða umsókn með ferilskrá í netfangið jbg@istaekni.com eða hafðu samband í síma 4506000

Ístækni óskar eftir fjölhæfum einstaklingi við vinnu í stálsmiði og samsetningum.

Starfinu gætu fylgt vinnuferðir erlendis og innanlands við uppsetningar á vörum sem hafa verið smíðuð hjá Ístækni.

Menntun og reynsla:

- Stálsmiður
- Vélsmiður
- Vélvirki
- Eða starfsreynsla úr stálsmiði

Hæfni:

- Sterk samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi.
- Nákvæmni og athygli í vinnu.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku.
- Jákvætt hugarfar og áhugi á nýjum tækni- og lausnarmöguleikum.

Við bjóðum upp á:

- Fjölbreytt og spennandi verkefni.
- Gott starfsumhverfi í teymi.
- Tækifæri til að þróast í starfi og vinna með nýjustu tækninýjungum.
- Fullt starf eða tímabundnar verkefni eftir samkomulagi.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Ef þú hefur áhuga á þessu spennandi starfi. Sendu okkur fyrirspurn og eða umsókn með ferilskrá í netfangið jbg@istaekni.com eða hafðu samband í síma 4506000

Hjá Ístækni ehf starfa um 26 starfsmenn og skiptist starfsemin í megin atriðum í renniverkstæði, tæknideild, rafbúnaðardeild, framleiðsludeild, þjónustudeild og söludeild. Ístækni framleiðir og selur lausnir sem snúa að sjálfvirkni í karakterfum, kælingu, uppþýðingu, marningi, dælingu og flutningi á vörum fyrir mavælavinnslur og annan iðnað, ásamt lausnum fyrir millidekk í skipum.

Ístækni vill halda í þau gildi að skila sem bestum árangri fyrir viðskiptavininn, að gera hágæða framleiðsluvörur og veita frábæra þjónustu.